

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um vigtunarleyfi.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða fyrirtæki hafa heimavigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?
2. Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða fyrirtæki hafa endurvigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?
4. Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild og hvað vó sá afli í heild samkvæmt vigtun á hafnarvog, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.